



## Stjórnarfundur SÍM

Mánudagur 2.des. 2024

Fundur settur 16.02.

Mættir: Anna Eyjólf, Anna, Thora, Pétur, Beta, Helga og Hlynur.

Fundarstjóri: Hlynur Helgason.

### Húsnæðismál rekstrarfélags SÍM

Við erum að missa Seljaveg, erum búin að fá velyrði fyrir vinnustofum í Skipholt í 3 ár. Óljóst með dagsetningar. Samningur í Héðinsgötu runninn út. Rætt um ástand húsnæðis sem er leigt út sem vinnustofur, varðandi myglu og heilsuspillandi húsnæði. 2850,kr á fermeter núna og fer hækkandi, styrkir of lágir, útleigt pr.fm 3500,kr til listamanna.

Skoðun Skipholts í gær, húsnæðið er stórt og dýrt, ákv. að reyna að fá ódýrari leigu vegna fjölda fermetra sem eru gangar og stigar og annað dautt rými, skoða það, Ingibjörg sér um samninga. Anna Rún spyr um gluggalaus rýmin, á jarðhæð, hátt til lofts, hvort væri hægt að nota gluggalaus rými fyrir dans/sviðslistir? Formaður segir frá því að það sé þónokkuð um innbrot í þessu húsnæði sem er ekki gott. Rætt um hvort residency'íð gæti verið á efstuhæð. Pétur spyr hvort sé eitthvað annað rými í boði, en það er víst ekki.

Rætt hvort það væri hægt að hækka þóknunar í gestavinnustofuna. Hlynur leggur til að Ægis Zita (Arkitekt og myndlistarmaður) komi inn sem ráðgjafi í að hann gestavinnustofurnar. Rætt um kosti og gala rýmissins. Gerað úttekt á mögulega nýtingu rýminu, skoða myglu, láta greina nýtingu á húsnæðinu í heild, kosti og galla. Skoða lofræstikerfið. Hlynur segir ef það er hávaði í loftræstingunni, þá þarf að hreynsa hana.

### Vinnustofur í Berlín og Aþenu

Við erum hætt að leigja í Aþenu frá 31.des. Enginn listamaður dvelur á vegum SíM í desember. Ingibjörg segir að ekki sé hagnaður á Aþenu gestavinnustofunni.

Rætt um gestavinnustofuna í Berlín, hvort við eigum að halda áfram eða hætta með hana. Rætt um vinnustofur og vinnustofuskipti. Búdapest, væri hægt að vinna með sendiráðum? Frakkar leiga rými í gestavinnustofu hjá SÍM og senda listamenn í gegnum sendiráðið listamönnum að kostnaðarlausu.



Hætta að reka gestavinnustofurnar í Berlín og Grikkland beint, miðlum upplýsingum á milli listamanna og rekstraraðila á heimasíðu SíM. SÍM listamenn gangi fyrir á móti. Gefum öðrum Íslendingum sem reka gestavinnustofur tækifæri á að fá sömu kynningu fyrir félagsmenn SíM og í staðinn fái Íslenskir listamenn forgang. Samþykkt.

Rætt um verðlögn á gestavinnustofum SMI 600-1000.euros. Þóknunin hækkar á nýja staðnum. Það þarf að vinna að viðhaldi á korpúlfsstöðum, m.a. leki við glugga og fl.

### **Portfolio Reviews**

Lísa kynsir, segir frá verkefninu, Emile Dalum, myndlistamaður og sýningastjóri heimsótti listamenn á Vestfjörðum, tók viðtöl og myndir. Efninu deilt á vefsíðu SÍM og samfélagsmiðlum. Erlendir listamenn, hvernig tengjast tengjast samfélaginu ? og sýna það sem listamenn á landsbyggðinni eru að fást við.

### **Artótek sýning í SÍM**

Lísa segir frá hversu vel hefur tekist til, þátttakendur mjög ánægðir með framkvæmdina.

### **Kynning á punktakerfi Myndstef**

Myndstef sé að vinna punktakerfi sambærilegt og Stef er með. Vinna með vægi sýninga, skrá inn birtingar á verkum. Hluti af tekjum Myndstef myndi deilast samkvæmt því og metið eftir nýja punktakerfinu. Verður rætt frekar síðar.

### **Önnur mál**

Ánægjulegt sé að segja frá því að Myndstef sé að flytja aftur í húsnæði SÍM í Hafnarstræti eftir áramót.

Odee sendi SÍM bréf varðandi stuðning vegna málaferla í UK. Ákveðið var að senda honum sama svar og síðast.

140 listamenn sem verða fljótlega á götunni með vinnustofurnar sínar. Skoða framlengingu á leigu á Héðinsgötu, tala við eigandann. (þrátt fyrir lekann á húsnæðinu). Ingibjörg reynir að fá framlengingu á samning við Héðinsgötu.

Fundi slitið kl.17.00